



**Alþýðu-  
bankinn**

# Tíminn

20. tölublað — Fimmtudagur 25. janúar — 57. árgangur

**HOTEL LOFTLEIÐIR**



„Hótel Loftleiðir býður gestum sínum að velja á milli 217 herbergja með 434 rúmum — en gestum standa líka íbúðir til bóða. Allur búnaður miðast við strangar kröfur vandlátra. LOFTLEIÐAGESTUM LIDUR VEL.“

## SYÐSTU GÍGAR HRAUNSPRUNG- UNNAR ÞRUMA LINNULAUST

**4 hús brunnin,  
fleiri í hættu og  
hraunkvíslar,  
sem stefna á  
Yztaklett,  
vella í sjó fram**

KJ—Vestmannaeyjum

Nú sem ég stend hér og flyt þessa lýsingu, vellur glóandi hraunstraumur úr gígnum rétt fyrir sunnan Kirkjubæ látaust út í sjóinn með miklum gny og hvæsi. Akafar drunur heyrast frá gosstöðvunum, enda hefur verið hvað hávadasamast hér nú, og jörðin bifast undir fótum manns, og hús titra við átökin. Talið er, að hraunkvíslin sé komin tvö hundruð metra í sjó fram, og hefur hún nú orðið stefnu á Yztaklett, en þangað er eitthvað yfir þúsund metrar.


Það fór eins og margan grunaði, að hús in Kirkjubæ brunnu. Eru þar þrjú íbúðarhús rústir einar, auk útihúsa, og hraunslöttur hafa kastast á hús, sem fjær eru.

Rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun kom hörð goshvíða úr megingígnum hjá Kirkjubæ, og lenti þá steinn á þaki húss Péturs Guðjónssonar og kviknaði þegar í því. Lítil brögd voru að eldinum fyrst í stað, en smám saman magnadist hann og læsti sig um húsíð allt. Um klukkan fjögur í gær kom önnur hvíða mjög hörð, og slettist þá glóandi hraun á þakið á húsi Sigurbergs Jónssonar, sem brátt varð aelda. Síðast kviknaði í húsi því, er nefnt var Kirkjuból, eign Kristjáns Kristóferssonar, mürhúðuðu timburhúsi, og virtist eldurinn koma upp í kjallaranum og brjótast þaðan upp. Hús þau, næst Kirkjubæ, er fyrir hraunslöttunum urðu, brunnu ekki, en úr þeim hefur allt lauslegt verið flútt, nema gluggatjöld hanga enn víðast uppi.

Syðstu gígar gossprungunnar eru að miklu leyti útkulnaðir, þótt enn rjúki úr þeim, en nýrðri gígarnir eru þeim mun öflugri, eins og ljóst er af því, sem þegar hefur verið sagt. Sunnan við syðsta gíginn sést, hvernig jörðin hefur rifnað, og eru þar tíu sentimetrar breiðar glufur á tóni. Í grennd við þessar glufur er líkt og gróburnál hafi lifnað við hitann, þar sem ekki er þeim mun meiri aska.

Þegar hraunrennsli tók að stefna á innsiglinguna, var ákveðið, að Löðsinn, hafnsögu-bátur Vestmannaeyja, mældi dýpið á tveggja klukkustunda fresti, en varðskip höfðu frá því gosið hófst lónað úti og fylgzt með dýpi. Var sagt í gærkvöldi, að ekkert óeðlilegt hefði komið fram við þessa mælingu.

Magnús Magnússon bæjarstjóri sagði í gærkvöldi, að mest áherzla væri lögð á það af bæjar-yfirvöldum að bjarga verðmætum og halda öllu tilbúnu í frystihúsum og öðrum verkstöðvum, svo að vinna gæti hafizt á ný án tafar, þegar gosi linnir. Þrátt fyrir allt er höfnin ekki talin í yfirvofandi hættu, en vel fylgzt með allri framvindu. Raddir hafa komið fram um það, að atvinnu-  
Frh. á bls. 15



Hraunbrúin er komin fast að húsgöfnum. Tímamynd: Gunnar.



Kirkjubæjarhverfið var orðið aelda síðdegis í gær og voru þá nýbyggð hús í næsta nágrenni í hættu. Tímamynd: Kári.

### Nefnd skipuð til könnunar og ráðgjafar

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka hverjar afleiðingar náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarbusins og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum.

Í dag hafa eftirtaldir menn verið skipaðir í nefndina: Tómas

Arnason, hrl., formaður. Halldór S. Magnússon, viðskiptafræðingur. Guðmundur Hjartarson, framkvæmdastjóri. Guðlaugur Gíslason, alþingismaður og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Lagt var fyrir nefndina að hafa í störfum sínum samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

### Fjölskyldur úr Eyjum fá Tím- ann ókeypis

Forráðamenn Tímans hafa ákveðið, að allar fjölskyldur úr Vestmannaeyjum, er orðið hafa að hrekjast að heiman vegna eldgossins, skuli fá blaðið ókeypis fyrst um sinn, ef þær óska þess.

Þeir, sem þetta vilja þiggja, eru beðnir að gera svo vel að hringja í síma 1-23-23.



Eyjabátar heim að bjarga veiðarfærunum:

# 600 sjómenn á bátunum

ÞÓ—Reykjavík

Útgerðarmenn og sjómenn frá Vestmannaeyjum eru ekki á því, að sitja aðum höndum lengi, og í gær voru reyndar nokkrir Vestmannaeyjabátar á sjó, en þeir áttu sumir net í sjó þegar eldgosíð byrjaði. Útvegsbándafélag Vestmannaeyja hefur komið upp bráðabirgðahúsnæði í aðalstöðvum Landssambands íslenskra útvegsmanna við Tryggvagötu, og þar héldu útgerðarmenn í Eyjum tvo fundi í gær, og ræddu hvað gera skyldi.

Ingólfur Arnarson, veitir skrifstofunnar forstöðu, og einnig er starfandi nefnd undir forseti Guðlaugs Stefánssonar, sem kannar hvað hægt sé að gera.

Við litum aðeins inn á skrifstofuna og ræddum lítulega við Ingólf — annars hafði hann varla tíma til að líta upp, síminn var alltaf hrángjandi og menn að koma.

— Það fyrsta, sem við reynum að gera, er að koma bátunum til Vestmannaeyja og bjarga veiðarfærunum, og erum við nú að fá skipshafnarinnar um borð í bátana. Það þarf vist varla að taka það fram, að verðmæti veiðarfærunna, sem nú liggur í Vestmannaeyjum skiptir hundruðum milljóna, sagði Ingólfur.

Þegar við verðum búnir að koma þessu í kring, þá þurfum við að koma bátunum í viðskipti viðsvegar á landinu. Það getur orðið svoltíð vandamál, en samt eru margir búnir að bringja og bjóðast til að taka báta frá okkur í viðskipti, enda veit ég að ekki stendur á mönnum, sem allir eru af vilja gerðir til að hjálpa okkur.

— Hvað eru margir á Vest-



Vestmannaeyjabátar í Reykjavíkurböfn

manneyjabátunum yfir vetrartímann?

— Já, bátarnir eru um 80, og þegar ósköpin byrjuðu var búið að ráða 530 menn á bátana, en fullmannar þurfa þeir 590-600 menn.

Búiðt var við að einhverjir bát-

ar færu áleiðis til Eyja í gærkvöldi, til að ná í veiðarfærin. Með bátunum fór ein stétt manna, sem ómissandi verður, þegar veiðarfærin verða tekin um borð. Það eru vörubílstjórnarnir og í gær var verið að smá smala þeim saman.

Allmargir Vestmannaeyjabátar voru á sjó þegar eldgosíð á Heimaey byrjaði og voru þeir flestir á netum. Hurfu þeir að sjálfsögðu frá veiðarfærunum um leið og fréttirnar bárust. Í gær voru því flestir þessara báta á sjó, og drógu þeir upp veiðarfæri sín.

## Breytingar á eldgosinu

Almannavarnir sönnuðu öllum ótvírátt gildi sitt á morgni 23. janúar, þegar náttúruhamfarirnar hófust í Heimaey. Það er ótrúlegt, hve flutningur á þúsund og fimm hundruð manna frá Eyjum til lands gekk greiðlega. Skiptir þar ekki litlu, að Vestmannaeyingar eru vel skipum búnir og sú guðsmildi, að hvorki höfn né flugvöllur lokubst við eldsumbrotin.

Í gær breytti eldgosíð hegðan sinni. Gosi linnit í endum sprungunnar, en færðist því meir í aukana í nágrenni Kirkjubæjar, sem nú hefur orðið eldinnu að bráð. Hafði myndast þar mikill gígur með hrikalegum sprengigösum ásamt geysilegu hraunflóði í gær, er þetta er skrifað. Hraunstrengurinn rann út í sjó og í átt til Bjarnareyjar. Mikil hætta er á, að hraunellfan geti breytt um stefnu, þegar hún snögg kólnar í sjónum, og stefna hennar verði með ströndum. Vona menn að hraunellfan taki ekki stefnu á Yztaklett og loki fyrir inngöngu í höfnina í Vestmannaeyjum, sem er sannkölluð líffhöfn allrar starfsemi í Vestmannaeyjum.

Íslendingar sýndu vel undanfarna tvo daga, að þeir eru samhuga, hjálpsöm og fórnúfús þjóð, þegar eitthvað liggur við. Það er ótrúlegt, að það skyldi hafa tekizt að koma á fjórða þúsund manns fyrir á einkaheimilum í Reykjavík og nágrenni við góða ábúð á örfáum klukkustundum. En við allt þetta björgunarstarf var hver hönd rétt fram og boðin og búið að veita hvers konar aðstoð.

Vestmannaeyingar hafa haft orð á sér fyrir að vera harðdugleg og aðrulaust fólk, sem ekki er físjáð saman. Þeir sýndu það í þessu ægilega áfalli, sem þeir hafa orðið fyrir, að þeir standa undir þeim orðstír.

## Verum við öllu búin

Útgerðarmenn úr Vestmannaeyjum komu saman þegar í gærmorgun til að leggja á ráðin um, hvernig tryggja megi útgerð Vestmannaeyjabáta meðan óbúandi er í Eyjum. Það þarf að úttega bátaum viðlegupláss og aðra aðstöðu, tryggja móttöku og vinnslu aflans og fl. og fl. Með góðum vilja og hjálpsömum hug og samtakamætti allra, sem hér fá einhverju orkað, á þetta að takast. Það ætti einnig að takast að úttega Vestmannaeyningum vinnu og það þarf fleiri hendur í frystihúsin hér á Suðvesturlandi til að taka á móti auknum afla, en um 17% af heildarafla þjóðarinnar hefur komið frá Vestmannaeyjum, en stærstur hefur hlutur þeirra verið á vetrarvertíð.

Það getur enginn sagt um það á þessu stigi, hvaða stefnu eldsumbrotin í Heimaey taka, eða til hvaða tjóns þau geta leitt. Hiit er vist, að vonir okkar allra standa til þess, að þeim linni sem fyrst.

En þótt það sé einlæg ósk okkar, að Vestmannaeyingar geti sem fyrst snúið heim og Vestmannaeyjar haldið áfram að vaxa og dafna fyrir framtaksemi þeirra og dugnað, er okkur skylt að vera við því búin, að þeir neyðist til að dvelja allengri á meðal okkar þegar þess vegna að gera allar þær ráðstafanir, sem í mannlegu valdi stendur, til að gera þeim dvölina hér sem þærlegasta og finna hvernig við aðstöðu og viðfangsefni við sitt hæfi. — TK

# Byrjað að veita peningaaðstoð

ÞÓ—Reykjavík.

Þáttur Rauða kross Íslands hefur verið mikill í hjálparstarfinu við Vestmannaeyinga. Rauði krossinn sá að mestu um móttöku Vestmannaeyinganna í fyrradag, og nú hefur Rauða krossinn verið falið að taka á móti framlegum til Vestmannaeyinga.

Meðlimir og sjálfbóðaliðar streymdu til Rauða krossins strax og fréttin um eldgosíð barst. Strax var ákveðið að Rauði krossinn skyldi sjá um alla starfsemi, sem lyti að fólki í nauðum. Einnig sá Rauði krossinn um móttöku fólksins. Skrifstofa Rauða krossins var opnuð strax klukkan fimm um morgunin, og fljótlega var búið að skipuleggja starfið. Til dæmis voru strax fjórir ritaðir miðar, sem fólk átti að fylla út, en á þeim skrifaði það fullt nafn, heimilisfang og síma í Reykjavík. Í gærkvöldi var vitað, hvar flestir Vestmannaeyingar héldu sig, og því auðvelt að ná í þá.

Björn Tryggvason, formaður Rauða kross Íslands, sagði í samtali við blaðið í gærkvöldi, að starfið hefði gengið ótrúlega vel, og væri þetta ævintýri líkast. Sagðist hann til dæmis vilja koma þökkum til allra, sem hér hefðu lagt hönd að verki, og ekki mætti gleyma forráðamönnum Mjólkursamsúlnnar, sem strax sendu mjólk og skyr handa Vestmannaeyjum. Þá hafði Sveinn Guðmundsson í Heðni búið til að taka á móti 1000 manns í mat, en þangað þurfti ekki nema 400 manns að fara. Einnig var 100 manns búið í mat í Mjólkursstöðina.

Björn sagði, að í gær hefðu streymt inn tilboð, þar sem búið var að láta húsnæði í té, og var verið að vinna úr þeim. Til dæmis bauð B.S.R.B. Munaðarnes til afnota og A.S.I. bauð Olfusborgir. Nú er búið að koma upp upplýsingamiðstöð fyrir Vestmannaeyinga í Hafnarbúðum, og sagði Björn, að fljótlega hefði verið ljóst, að best væri að láta Vestmannaeyinga sjálf annast allt skipulag þar og sümuleiðis alla vinnu, og hefði þetta gefið mjög góða raun.

Ennfremur sagði Björn, að farið hefði verið fram á, að Rauði krossinn yrði milliliður að taka á móti gjöfum og fjárhagsaðstoð til Vestmannaeyinga. Ríkisstjórnin hefði veitt vissa fjárhæð í gær, sem ekki væri nein endanleg aðstoð, einnig hefðu komið peningagjafir frá almenningi, alls um 500 þúsund krónur. Var byrjað að veita illa stöðum Vestmannaeyjum aðstoð með þessu fé í gær, en almennt verður byrjað að veita peningaaðstoð í Hafnarbúðum, og þar verður fulltrúi Rauða krossins frá því klukkan 10, og geta Vestmannaeyingar fengið peningaaðstoð hjá honum.

Þá verður komið upp atvinnu- miðlun í Hafnarbúðum í dag, ennfremur verður þar félagsráðgjafi, upplýsingaþjónusta, en stærsta málið, sem framundan er, er skólagjafurmiðlun, því með einhverjum hætti verður að koma skólanemendum úr Eyjum fyrir.



Ferðamennirnir, sem aldrei komust á loft, héldu til Almannaeyja til að grennast fyrir um orsakir þess, að þeir ekki komust. Hér sést fulltrúi Almannaeyja ræða við þá. Tímamyndir G.E.

# Ferðaleyfisveitingar til Eyja í Hafnarbúðum

— aðeins Eyjamenn fá að fara til að sækja helztu nauðpurttir

Erl—Reykjavík  
Upplýsingamiðstöð Vestmannaeyinga hefur nú fengið í hendur allar leyfisveitingar til fólks, sem fara vill til Eyja, að athuga um eigur sínar og sækja helztu nauðsynjar. Eins og fram hefur komið, eru þegar hafnar skipaferðir til að sækja fisk, bíla og fleira. Heklan kom með 72 bíla til Þorlákshafnar í gær og fór strax aftur að sækja annan farm. 8 bílar komu með Herjólfu, og í gærkvöld voru 32 bílar á leið til lands með Laxfossi, og verða þeir afgreiddir í dag við Reykjavíkurböfn. Þar reglar, sem settar eru um leyfisveitingarnar, eru þessar:

Gert er ráð fyrir, að 100 manns komist daglega til Vestmannaeyja frá Þorlákshöfn.

Lögreglan sér um, að fólk þetta fái heimild til að sækja nauðpurttir sínar í húsum sínum, en fari síðan með skipinu til baka.

Lögreglan í Vestmannaeyjum getur veitt þeim dvalarleyfi, sem hún telur nauðsynlegt, að verði um kyrrt.

Ferðaleyfin skulu dagset og afhent lögreglunni í Vestmannaeyjum við brottfær þaðan.

Skrifstofa Vestmannaeyjakaupstaðar í Hafnarbúðum sér um leyfisveitingar þessar og

skipuleggur hópana. Verði ófært til Vestmannaeyja um stundarsakir gilda gömul leyfi næsta ferðadag, en engin ný leyfi verða gefin út þann dag.

Nokkuð var um það í gær, að fólk reyndi að gera tilraunir til að komast til Eyja, og þótti mörgum nogum harðstjórn Almannaeyja í þeim efnum. Þeir sem þegar voru komnir með ferðaleyfi, fengu ekki lendingarleyfi á flugvellinum, en þar mun hafa verið við aðra aðila um að sakast. Því að svæðið umhverfis gosstöðvarnar hefur verið lyst hettusvæði fyrir flugumferð. Allmargir eru þó sagðir hafa farið með Heklunni til Eyja síðdegis í gær, sumir jafnvel í leyfisleysi. Það skal að lokum ítrekað, að skrifstofan í Hafnarbúðum hefur með allar þessar leyfisveitingar að gera, en hún er rekin af bæjarstjórn Vestmannaeyja í samráði við Almannaeyrnir. Í Hafnarbúðum verða líka til viðræðu fulltrúar hinna ýmsu nefnda, sem starfa á vegum bæjarstjórnar, en allir bæjarfulltrúar eru í Eyjum ásamt bæjarstjóra.

Númer hinna þriggja síma í Hafnarbúðum eru: 1-13-80 1-20-89 og 1-19-94.


Upplýsingasími Almannaeyja er hins vegar 2-61-20.

## Öskufall, ótti ástæðulaus

JGK—Reykjavík  
„Það er ekki mikil stæða til dóta, hvað þetta snerit, en þó sjálfstær fyrir bændur að við hafa alla gát“, sagði Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, þegar blaðið snéri sér til hans í gær, vegna fréttu um öskufall undir Eyjafjöllum.

Páll sagði, að aðstæður nú væru allt aðrar en var í Heklugösinu 1970, þegar mikil tjón varð á skepunum. Gosíð þar þá að í byrjun saubundur, þegar víða var búið að sleppa fé á gróna jörð. Það er helzt ungt búfé, sem þarf að gæta að, og svo fylfullar hryssur. Annars er ekki mikil hægt að segja um þetta ennþá, við vitum t.d. ekki enn um efnasamsetningu öskunnar.






Hús Péturs Guðjónssonar í Kirkjubæjlljósum loka í gærmorgun.


# Húsin farin að brenna — verðmæti flutt frá Eyjum




Enn er sægur bíla við höfnina í Vestmannaeyjum. Þótt allmargir væru teknir um borð í skip í gær eins og myndin sýnir. Þeir eru allir þaktir vikri, sem rignt hefur yfir bæinn.



Fiskútskipun í Vestmannaeyjum í gær. Fiskafurðirnar í frystihúsunum þar voru 135 milljóna króna virði.  
Tímamynd: Gunnar.



Þessi mynd var tekin upp á Helgafelli í gær yfir gíginn vestan við Kirkjubæ. Bjarnarey til hægri, en varðskipið Ægir til vinstri.



Gosmekkirnir vella upp úr gígnum vestan við Kirkjubæ, og hraunkvíslar renna í sjó fram, þar sem allt sýður og kraumar.



# Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn

Framkvæmdastjóri: Kristinn Finnþogason. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson (ábm.), Jón Helgason, Tómas Karlsson, Andrés Kristjánsson (ritstjóri Sunnudagsblaðs Tímans). Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Ritstjórnarskrifstofur í Edduhúsinu við Lindargötu, símar 18300-18306. Skrifstofur í Bankastræti 7 — afgreiðslusími 12323 — auglýsingasími 19523. Aðrar skrifstofur: sími 18300. Askriftargjald 225 krónur á mánuði innan lands, í lausasölu 15 krónur eintakið. Blaðaprent h.f.

## Skylda samfélagsins

Í lengstu lög verður að vona, að náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum verði ekki til þess, að byggð spillist þar varanlega. Hins vegar verður að horfast í augu við það, að atvinnurekstur mun leggjast þar niður í vetur og jafnvel næstu misseri. Það gæti meira að segja talizt vel sloppið, ef afleiðingarnar yrðu ekki verri. Þennan vanda er nauðsynlegt að gera sér strax ljósan og horfast í augu við hann. Hann mun kalla á margvíslegar ráðstafanir, sem hið opinbera verður að ráðast í eins fljótt og auðið er, og óhjákvæmilegt er, að þær hljóta að leggja verulegar byrðar á þjóðina alla.

Forsætisráðherra vék að þessu í útvarpsávarpi sínu í fyrrakvöld, en honum fórust þá orð á þessa leið:

„Við vonum auðvitað öll, að þessum skelfilegu náttúruhamförum linni sem fyrst, og að þær eyðileggi hvorki byggðina né höfnina í Vestmannaeyjum. Um það getur þó enginn fullyrt á þessu stigi. En hvað sem um það er, þá er ljóst, að gera verður allra ráðstafanir, sem unnt er, til að tryggja stöðu Vestmannaeyinga og bæta þeim tón þeirra. Það er skylda samfélagsins. Þjóðin öll verður að jafna þessu tjóni á sig. Hér er um sameiginlegan vanda þjóðarinnar að ræða. Hér verður að koma til alger samabyrgð þjóðfélagsins alls. Er eigi annað sýnt, en að þjóðarheildin verði að leggja fram verulega fjármuni í þessu skygni. Ég efast eigi um, að allir Íslendingar verða fúsir til að leggja fram sinn skerf. Þeir hafa sýnt slíkan hug þegar minna hefur legið við. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að þannig verði staðið að þessu máli. Ég er sannfærður um, að um það viðhorf verður ekki ágreiningur á milli ríkisstjórnar og þeirra flokka sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn.“

Vissulega er það mikilsvert, að um þær ráðstafanir, sem verður að gera vegna hamfaranna í Vestmannaeyjum, náist sem mest þjóðareining, og ekki er annað trúlegt en það takist. Þar er í fyrsta lagi um það að ræða, að tryggja hlut Vestmannaeyinga sem bezt meðan þeir eru í útleðinni. Í öðru lagi þarf svo að reyna að draga sem allra mest úr tjóninu, sem þjóðin öll verður fyrir vegna þess, að verstöðin í Vestmannaeyjum leggst niður um sinn. Í þriðja lagi þarf svo að afla fjár vegna þessara aðgerða allra. Í fjórða lagi er það svo mikilsvert, að öll atvinnutækja þjóðarinnar verði sem bezt nýtt og þau t.d. ekki látin stöðvast vegna ágreinings um kaupgjaldsmál eða skæruverkfalla. Vinnuveitendur og vinnuþiggjendur verða að sameinast um að bæta tjónið, sem hlýzt af hamförum í Vestmannaeyjum, með því að tryggja sem bezta nýtingu allra atvinnutækja landsmanna.

Slík eining þjóðarinnar mun tryggja það, að áfallið, sem náttúruógnirnar í Vestmannaeyjum valda, mun reynast stórum léttbærari en ella. Þess vegna er sá skilningur mikilvægur, að það sé skylda samfélagsins að bregðast við þessum vanda og að enginn má láta hlut sinn liggja eftir eða skerast úr leik, ef vel á að fara.

b.p.

Umsátur í 900 daga

# Enginn er gleymdur og ekkert er gleymt

30 ár síðan umsátrið um Leningrad var rofið

HERIR Hitlers réðust á Sovétríkin 22. júní 1941 og í lok sumarsins voru þeir komnir að Leningrad. Áttunda september tóku þeir Sjilsselburg og höfðu þar með umkringtt borgina.

Meira en 700 þúsund manna einvalalið var sent til að taka borgina, hálf tanna þúsund skriðdreka og meira en þúsund flugvélar. Herstjórn nazista var svo viss um sigur, að hún sendi út boðsmíða í sigurveizlu sem hún ætlaði að halda í glæsilegasta veitingahúsi Leningrad, Astoria.

En „leifturstríðið“ við Leningrad bar ekki árangur, og lið Hitlers hlaut að berjast þar hér um bil þrjú ár. Beittu þeir villimannlegri aðferðum til að eyðaborginni og íbúum hennar en áður höfðu þekkt. Þeim dembdú yfir borgina meira en fjórum milljónum sprengja og stórskota, eyðibúð þriðja hvert hús og jöfnuðu fimmta hvert hús við jörðu. Fylgt var skipulega eftir tilskipun Hitlers um að Leningrad ætti að „afmá af jörðunni“.

EFTIR því sem orústan um borgina dróst á langinn tóku Hitlermenn að tengja meiri vonir við, að þeir gætu fylgt eftir djöfullegum áformum sínum með aðstoð hungurs. Nóvember 1941 var erfiðasti tíminn fyrir borgarbúa. Brauðskammturinn var minnkadur niður í að verkamenn fengu 250 grömm af brauði á dag, en starfsfólk, gamalmenni og börn 125 grömm. Auk þess var brauðið blandað tréni, höfrævi og öðru þess háttar.

Um þetta leyti hrópaði Hitler: „Leningrad mun sjálf lyfta upp höndum. Borgin fellur fyrir eða síbar. Enginn mun frelsa hana, engum mun takast að brjótast í gegnum viginu. Leningrad hlýtur að deya hungurdaða.“

Samt lifði Leningrad og barðist, þó að einmitt hungrið færi um eins og logi um akur. Á 900 dögum umsáturs dóu úr hungri meira en 600 þúsund íbúar borgarinnar. Við hungrið bættust svo miklir kuldar. Veturinn var óvenjuharður fyrsta og erfiðasta umsátursárið, frostið var oft 30 gráður að selsius eða meira. Stórskotahríð þjóðverja hafði sett rakerfið að mestu úr sambandi, eldiviður var af mjög skornum skammti, strætisvagnar stöðvuðst.

EN LENINGRADBÚAR létu ekki bilbug á sér finna. Þeir tóku á sínar herðar hinar þungu byrðar þessa úrymningarstríðs, sem stefnt var gegn þeim og kinkuðu ekki undan þeim. Verksmiðjurnar héldu áfram störfum undir eldhrið óvinarins. Viglilan var aðeins fjóra km. frá hinna stóru Kirof-vélaverksmiðju. A verksmiðjussvæðið féllu um fimm þúsund sprengjur og sprengjukúlur. Margir verkamanna féllu á vinnustað fyrir skothríð eða úr hungri. Samt sendi verksmiðjan frá sér fallþyngur, skotfæri, gerbi við sprengjur, bjó til tundurdufl. Verkamenn mynduðu fyrsta Kirofherfylkið, sem barðist á vígvöllum stríðsins.

Veturinn 1941-42 og vorið 1942 sendi Leningrad meira en 100 þúsund hermenn á vígvellina. Það voru einmitt Leningradbúar sem áttu frumkvæðið að stofnun heimavarnarliðs.



Götumynd frá Leningrad.

Í því voru fyrst og fremst óbreyttir borgarar, sem ekki höfðu áður haldið á rífla — stúdentar, kennarar, þjónustufólk, vísindamenn, listamenn. Þúsundir unglinga tóku þátt í að reisa varnarmannvirki um borgina og í loftvörnum hennar. Z. Abromova var í einu loftvarnarsveitinni sem í voru eingöngu konur — er hún nú yfirmaður erfðafraeðideildar landbúnaðarháskólans í borginni. Að baki viglunnar börðust fjölmennar sveitir skarulíða, og mynduðu þær fyrstu reglulegu hersveitir skarulíða í stríðinu. Sumar þeirra fengust við að brjótast í gegnum umsáturslinur með matvæli.

HVE MJOG sem að borgarbum svarf, fundu þeir að þeir voru ekki einir. Allir landsmenn veittu þeim stuðning sinn. Frá Úzbekistan í Mið-Asíu kom t.d. í maí 1942 dýrmæt gjöf — meira en sextu vagnar af matvælum. Úzbekskar fjölskyldur skutu skjóls-húsi yfir 200 þúsund börn sem flutt höfðu vörð frá Leningrad.

Árið 1967 þegar höfuðborg Úzbekistans hafði stórskemmt í jarðskjálftum, var lestin „Leningrad-Tasjkent“ send af stað: byggingarverkamenn, sérfræðingar og vísindamenn Leningrads gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að hjálpa Tasjkent...

STJORNIN ákvað í nóvember 1941 að láta gera veg yfir Ladogavatn á ís og var hann 30 km á lengd. Hlutverk hans var að greiða matvælum götu til borgarinnar — var hann eini þráðurinn, sem tengdi borgina við landið. Þegar í desember 1941 var hægt að auka brauðskammtinn í 350 grömm.

Leningradbúar fengu eftir ísbrautinni meira en 360 þús. smál. af matvælum, mikið af skotfærum og lyfjum. Þeir kölluðu veg þennan að réttu Lifsbrautina. Og eftir þessari leið voru fluttir á brott meira en 400 þúsund manns.

Þjóðverjar lögðu allt kapp á að loka Lifsbrautinni. Þeir sendu hundruð flugvéla til Ladogavatns, og köstuðu þær sprengjum á bílana, sem um ísinn fóru, og á birgðastöðvar,

ennfremur beittu þeir stórskotaliði og vikingasveitum.

En vegurinn lokabist ekki. Hetjur dagsins voru bilstjórnarnir, sem stýrðu bílasteignum gegnum eld og snjóþul. Viðgerðarmenn, kafarar og hjúkrunarkonur drögu heldur ekki af sér. Kafarar náðu upp af vatnsbotni 98 bilum með matvælum og útbúnaði ýmsum. Ennfremur lögðu þeir eftir vatnsbotninum 28 km langa bezinleislu, sem sá viglunni fyrir eldsneyti. Ur lofti voru sovekir flugmenn Lifsbrautina. A. Belousov major stjórnaði einni flugsveitinni. Í ársbyrjun 1942 særðist hann svo að taka varð af honum báða fætur — en hann sneri samt aftur til flugsveitar sinnar, hélt áfram að berjast.

NOVEMBERNOTT eina árið 1941 réðist flugmaðurinn Alexei Sevastjanof á orustuflugveið af gerðinni Tsjjaka á þýzka Heinkelsprengjuflugvél, sem var á leið til Leningrad. Skotfæri hans prutu og Alexei ákvað að fljúga á óvininn. Hrapaði Heinkelvélin niður. Í Trávritsjkigardinn í miðju borgarinnar. Var þetta fyrsta nærur-„ástim“ í heimi. Alexei varði Leningrad til vors 1942, en þá féll hann er hann var að aðstoða félagasina.

Leningrad fann ekki aðeins styrk til að þola hið langvinna umsátur heldur og til undirbúa sókn, sem hófst þann 12. janúar 1943. Um „göng“ þau, sem þá tókst að opna fyrir sunnan Ladogavatn og voru 8-11 km á breidd, fékk Leningrad beint samband við umheiminn á þurru landi. Að hálfu ári til viðbótar líonu var umsátrin með öllu afleitt.

Leningradbúar og sovetmenn allir munu ávallt hafa í heiðri minningu þeirra, sem létu lifa í vörn borgarinnar. A minnispeningi, sem gerður hefur verið um varnir borgarinnar stendur: Enginn er gleymdur og ekkert er gleymt.

Borgin við Neuvfljót verður fegurri með hverju ári. Á árinu 1972 einu bættust henni 2,4 milljón færm. af íbúðarhúsnæði. Leningrad er ein af meiriháttar miðstöðvum tækniframfara, vísinda og menningar í landinu.

(APN)



# Hann hefur vitni að því, að hann sá Eyjagosið fyrir — og spáir einnig miklum landskjálfta

— Ég þóttist vera staddur á Kambabrun, og þegar ég leit til austurs, sá ég, að Vestmannaeyjar voru huldar gosmekki. Ég hef oft áður séð fyrir órðna stóratburði í draumi, meðal annars Surtseyjargosið og Skjólkvatgosið, og ég gerði mér undir eins grein fyrir því, að ég var þarna vitni að stórgosi. Það er 5 eða 6 ár síðan þessi draumsýn bar fyrir mig, og ég hef síðan borið ugg í brjósti, því að ég kveið þeim degi er þetta rættist. Samt varð mér hverft við, þegar ég heyrði á þrjúdagssóttina, hvernig komið var í Eyjum.

Sá, sem svo talar, er Guðmundur Þorvarðarson frá Vindási á Rangárvöllum, einn bifreiðarstjóranna hjá Hreyfli. En svo vill til, að við hjá Tímanum getum vottað, að þetta er ekki spásögn, sem orðin er til eftir á, því að hann var fyrir áramót búinn að segja einum ritstjóra blaðsins frá þessum fyrirboða. Og raunar hefur blaðið áður sagt frá forsögnum hans um annað gos.

## Gos einhvers staðar sunnan lands.

— Í fyrravetur kom ég á gosstöðvar, í svefni auðvitað, heldur Guðm. Áfram en ég get ekki gert nema óljósa grein fyrir því hvar þær voru. Ég greindi þetta allt óljóst, en mér virtist þetta framan í hlöð eða brekku, og ég hygg, að það hafi verið einhvers staðar á Suðurlandsundirlendinu.

Um þetta atvik vildi hann ekki fjölyrða, þar sem sýnin hafði verið óglögg, nema hvað hann ætlaði þó, að þetta hefði ekki verið í Ölfusi eða þar um slóðir. — Og ég held, að Katla láti ekki neitt á sér kræla að sinni.

## Þetta er líklega einhvers konar ættarfylgja.


Guðmundur Þorvarðarson er nú fimmtíu og átta ára gamall. Frá barnaldri hefur margt fyrir hann borið, einkanlega í svefni, en þó einnig stöku sinnum í vöku. Þegar hann var um tvitugt, hvarf honum þessi eiginleiki í seytján eða átján ár, en síðan byrjaði þetta aftur á nýjan leik, og nú síðasta áratuginn hafa ýmiss konar fyrirboðar verið næsta tíðir.

— Þetta er líklega ættarfylgja, segir Guðmundur. Sumir mér nákönnir eru rammskyggir, og faðir minn, Þorvarður Sveinbjörnsson í Vindási, hefur verið gæddur einhvers konar fjar-skyggni. Einu sinni var það til dæmis, að hann komst í annarlegt ástand í vöku, og sagði: „Ykkur væri nær að bjarga konunni, sem er að flegja sér í Ölfusa en hanga í kringum mig“. Og síðan eftir stundarpögn: „Nú er það of seint“. Og þetta var raunverulegur atburður, sem fyrir hann bar, þó að langt væri á milli. Annars missti faðir minn heilsuna. Það varð honum ofraun, er hann kom að tveim Skaffell-ingum, sem voru á leið í ver, hel-frosnum aðeintuttugu eða þrjátíu faðma frá fjárhúsumum í Varmadal á Rangárvöllum.

## Paparnir hata okkur enn eftir 11-12 hundruð ár.

Mjög margt af því, sem fyrir Guðmund ber, er næsta óþægilegt — forsagnar um hina válegustu og hrikalegustu atburði, svo sem ráða má af því, er þegar hefur verið sagt um eldgosin. Mjög margt af því er tengt Suðurlandi, þar sem hann á uppruna sinn.

— Það eru Papar, sem koma til mín í draumi og þvæla með mér sér á veltvang, mjög oft austur í sveitir. Þeir eru enn á sínum slóðum fyrir austan, einkanlega í



Guðmundur Þorvarðarson.

Rangárvallasýslu, og þeir hata okkur enn eftir elleftu eða tólf aldir og telja okkur útlenda ræningja í landi sínu og byggð. Þetta er eitthvað níu hundruð manna hópur, fremur smávaxið fólk og ofrýnilegt ásyndum, og ég þekki karla og kerlingar úr þessum hópi, víðlíka og fólk, sem ég umgengst daglega. Það vill okkur allt illt, útlendu ræningjunum, og það dregur mig af stað í svefni, þegar eitthvað illt er í aðsigi. Það getur líka brugðið sér í allra kvikinda líki, þegar því er að skipta Hól eins karlsins hef ég í svefni séð opnast, en meira af því tagi hefur ekki borið fyrir mig.

Nöfn á þessu fólk þekki ég ekki, nema hvað ein kerlingin heitir Aurbjörg í mínum huga. Ég gæti tilgreint dæmi um það, hvernig það hefnir sín á fólk, sem hefur raskað dysjum þess eða legstöðum eða gömlum hýblum, en það bjó í hellunum, sem al-kunnir eru margir fyrir austan. En þær sögur máttu ekki segja, því að þær snerta fólk, sem enn er á lífi, sumt yngra en ég sjálfur.

## Næsta spásögn: Mikill jarðskjálfti á Suðurlandi.

— Það bar fyrir mig í fyrravetur, heldur Guðmundur áfram, að mér fannst ég kominn austur að Odda á Rangárvöllum og horfði upp til landsins. Sá ég þá, hvernig jörðin reis og bylgja, líkust öldu á sjó, kom aðandi niður eftir. Mér fannst ég standa agndofa og horfa á, hvernig þessi jarðbylgja addi áfram, en svo var sýnin horfin, áður en hún náði Oddahverfinu.

gagni. Það þykir sennilega ein-kennilegt, ef ég gæti sagt, hversu djúpt er á oltu á þessum stað, þar sem öll fræði andmæla því, að olla sé í jörðu. Ég þykist aftur á móti staðfastlega vita, að hún sé þar um það bil fimmm þúsund metra í jörðu niðri.

— En til hvers er ég að tala um þetta? Þætir Guðmundur við. Enginn trúir mér, og sumir halda kannski, að ég sé að ljúa þessu upp. Við það verð ég vist að setta mig, þó að ég segi ekki annað en fyrir mig hefur borið, og ég hef í öðrum tilfellum rekið mig á, að fram hefur komið.

## Sjóður fölginn í hrauni í grennd við Keldur.

Fyrir fimm eða sex árum dreymdi mig, að ég væri kominn upp í hraun, norðvestur af Keldum á Rangárvöllum. Þar stað-næmndist ég við hraunbolla, og mér birtist, að í þessum hraunbolla sé fölgid fornt gull, svona 4 til 6 pund að þyngd, undir 110-120 sentimetra þykku sandlagi. Eigandi þessa sjóðs átti heima í Odda á meðan hann stóð uppréttum fótum.

Þessa staðar hef ég ekki leitað, en ég hygg ég gæti fundið hann, ef ég færi, svo skýrt bar þetta allt fyrir mig. En þó að ég fyndi hann, myndi ég ekki hröfla við neinu. — Nei, það myndi ég ekki gera — þar yrðu fornléifafræðingar að koma til.

## Viðskipti Guðmundar við happdrætti D.A.S.

Stundum ber fyrir mig eitt og annað, sem snertir daglegt líf eða hætti sjálfs mín. Einu sinni dreymdi mig, að ég væri á gangi austur í Odda, og rakst ég þá á þykkan seðlabunka, sem er frosinn niður í svörðinn. Ég tek hann upp, en annar bunki minni lá undir honum. Ég veg þetta í hendi mér, og hugsa sem svo: Þetta er á annað hundruð þúsund krónur.

Eftir stuttan tíma vann ég bil í happdrætti D.A.S., og hann seldi ég norður á Akureyri á 105 þúsund krónur.

Svo var fyrir fáum árum, að mér fannst talað til mín og sagt að kaupa tiltekið númer. Ég sá ekki þann, er talaði, og í svefni-num hugsa ég: Hvaða vitleysa — það var dregið í gær. Morgunin eftir fór ég samt til umbóðsins og spurði um þennan miba. Fólk varð dálítið kyndugt á svipinn.

þegar ég fór að ganga ríkt eftir því að vita, hvar þessi mibi væri niðurkominn. En það var samt kannað, og reyndist hann óseldur austur á Fáskrúðsfirði. Ég sagðist vilja fá þennan miba, og miðann fékk ég. Ég er sannfærður um, að ég fæ bil út á hann, þó að það hafi að visu ekki orðið á þeim árum, sem líðin eru síðan þetta gerðist. Og ég hef ótraubur endurnýjað hann í þrjú ár.

## Sýnir í vöku.

Þegar á Guðmund er gengið, kannast hann við, að stöku sinnum sjái hann sýnir í vöku. Hann fullyrðir, að huldufólk sé til, enda hefur það bæði borið fyrir hann í vöku og svefni.

— Það er jafnsannur raunveruleiki og ég og þú, segir hann. Og einu sinni hef ég séð álfakirkju. Það er móbergssteinn í brekku heima í Vindási, og ég sá hann afhjúpast og þá var kirkja inni í honum.

Annars eðlis var það, er ég fór einu sinni suður að kirkjugarði með tvo menn, sem ætluðu að láta blóm á leiði. Þeir báðu mig að biða. Á meðan ég beið, kom þar kona með blóm og henni fylgdi lítill telpa, kannski svona sjö ára gömul. Konan kom svo aftur út um kirkjugarðshliðið, og var nú ein. Þá, en ekki fyrr, rann upp fyrir mér, að telpan, sem fylgdi henni, var sú hin sama og hún var að færa blóm: Telpan hennar í kirkjugarðinum.

## „Frá því megum við alls ekki segja“

Guðmundur virðist hafa slíkar sögur á takteinum, bæði skuggalegar og aðrar, sem engan geta hrellt. Hann tæpir á fyrirboðum sem honum eru bending um slys, er muni gerast. En hann vill ekki, að þær verði birtar.

— Þær megum við ekki birta á prenti, segir hann Og satt að segja líður hann ekki alltaf sem best, þegar það ber fyrir mann, er bendir til stórkostlegra nátturu-hamfara eða slysa, bætti hann við um leið og hann stóð upp. En það verður hver að setta sig við þá eiginleika, sem hann er búinn, hvernig sem þeim er varið.

— Og með það kvíðumst við. Það er talsvert að gera hjá bilstjórumum þessa dagana, og hann vildi ekki eyða lengri tíma í spjall.

—J.H.

## Bjargaði Jón Píslarvottur byggð í Eyjum í gær?

— minnisvarði hans stendur í Kirkjubæjarhverfinu

Erl—Reykjavík.

Allir kannast við sagnirnar af því, er hraunflóð Skaftár-elda stöðvaðist við Systrastapa í sama mund og eldklerkurinn Jón Steingrímsson söng messu að Klaustri. Hafa margir trúaðir menn síðan orðið til að þakka honum stöðvun framrásar hraunsins.

Nú virðist sem Vestmannaeyingar hafi eignast sinn eldklerk, sem að visu er látinn fyrir 346 árum. Það er Jón píslarvottur sem þeir kalla, eða séra Jón Þorsteinsson, er lét lífið í Tyrkjaráinu 1627.

Hann flúði ásamt fleira fólki í Rauðhelli, sem nú mun eyðilagður og kominn undir hraun, og þar var hann drepinn við að verja flóttafólkið í hellinum.

Eyjammenn gleymdu ekki píslarvætti sínum og reistu honum snemma minnisvarða, sem síðar tyndist, en fannst

aftur fyrir 1930. Þá var varðinn brotinn, er hann fannst við uppróft í miðju Kirkjubæjarhverfinu.

Hinn upphaflegi minnisvarði er nú geymdur á þjóðminjasafninu, en eftirmynd hans hefur fram til þessa staðið inni á meðal Kirkju bæjanna.

Eins og fram kom í fréttum í gær, stöðvaðist hraunrennslið við húsgaffla Kirkjubæjanna, en í þeim kviknaði sumum. Þetta virðist ekki ósvipað því, er hraunflóðið stöðvaðist forðum við Systrastapa, og því fór sumum að detta í hug, að nýr eldklerkur væri til orðinn. Og nú spyrja menn: Var það Jón píslarvottur, sem bjarg að því í gær, að hús í Vestmannaeyjum fóru þá ekki undir hraun? Ef svo er, ætla þessi fyrrverandi prestur þeirra ekki að gera það endasleppt við byggðina.



# Peningaleysið kemur verst við fólkið

— litið við í Hafnarbúðum,  
hinna nýju upplýsinga-  
miðstöð Vestmannaeyja

**Erl—Reykjavík.**  
I gær var opnuð miðstöð fyrir flóttafólkið úr Vestmannaeyjum í Hafnarbúðum í Reykjavík. Þar mun verða gengið frá skráningu og skipulagningu á fólksflutningum þeim, sem enn kunna að verða eftir ásamt dvalarstöðum og símanúmerum. Var í gær unnið að fullnaðarskráningu fólksins eftir spjaldskrá Rauda krossins, auk þess sem enn voru nokkuð margir óskráðir, annað hvort höfðu þeir á einhvern hátt lent fram hjá því skyndi skrifstofukerfi, sem upp var komið, eða þá að þeir fóru beint úr Þorlákshöfn með einkabilum og þaðan inn á heimilin. Þá er unnið að tengingu nýrra síma í húsið, og matsalnum var verið að koma í lag, en hann hefur langa hríð staðið ónotaður. Var óðum að færast líf í þetta hálfgerða draugahús, sem

verið hefur að undanförmu, og loksins nú fékk það hlutverki að gegna. Notkunarleysi þess hefur þá kannski verið blessun eftir allt saman.

Er fréttamenn Timans voru á ferð í Hafnarbúðum í gær var þar margt um manninn. Vart höfðu bæjarstarfsmenn og aðrir þeir, sem þarna voru að störfum, fyrr komið á staðinn en allt fylltist út úr dyrum. af fólki, sem kom til skráningar bæði fyrstu og með breyttum aðsetrum. Þá voru og þarna á ferð margir, sem vildu fá að komast sem fyrst heim aftur til að lita eftir eignum sínum og sækja helztu naubsynjar eins og fót og rúmfatnað.

Allir voru sérstaklega æðrulausir að sjá, og var ekki annað hægt en dást alveg sérstaklega að rósemi þessa fólks, sem náttúruöflin hafa veitt svo þungar búsið. Sumum lágu meira að segja gamanyrði á vörum, enda sögðu þeir hinir sömu: Hvað er hægt að gera annað en taka þessu létt? — Það þýðir ekkert að hugsa um eignir upp á milljónir núna á meðan óvissan ríkir. Það er þó fyrir mestu að allir sluppu lifandi, og framtíðin verður að ráðast — það þýðir ekkert að gera sér rellu

um hana nú í dag.  
Það eru bæjarstjórn og Almannaþingin í sameiningu, sem standa að opnun þessarar upplýsingamiðstöðvar, og starfsfólk þar í upphafi eru Vestmannaeyingar, einkum starfsfólk á bæjar-skrifstofunum, símastúlkur, hjúkrunarkonur og fleiri.

Eins og áður sagði, virtust allir rólegir, en einn mann hittum við þó, sem var nokkuð æstur og taldi allri skipulagningu ábótavant. Meira að segja hefði hann hringt og spurt eftir fólki, sem hann hefði vitað að komið væri til bæjarins, en fengið það svar, að svo væri ekki. Þá hefði hann spurt eftir sjálfum sér, og fengið þau svör, að ekkert væri um hann vitað, en þó hefði hann útfyllt allt skilmerkilega. Þetta taldi hann afleitt, en þó virðist það heyra til undantekninga, að slíkt sem þetta hafi hent, og rómuðu flestir, hve vel fyrirgreiðslan gengi miðað við aðstæður.

Þessum sama manni var heldur illa við blaðamenn og mátti helzt á honum skilja, að þeir hefðu sett það af stað til að fá eitthvað til að skrifa um, og svo virtist sem þeir fengu að fara til Eyja miklu fremur en heima-menn.

A annarri hæð hússins var unnið að því að þurrka af borðum og raba upp stólum, en þarna átti að koma á fót veitingaaðstöðu. Ekki var ljóst, hverjir hana myndu annast, en eitthvað var verið að athuga um að fá kvenfélag Eyjakkvanna, sem heitir Líkn, til að taka rekstur hennar að sér a.m.k. í bili.

Uppi á efstu hæð tekst okkur að króa af Gísla Þorsteinsson, bæjarritara, en hann ásamt Georg Tryggvasoni, lögræðingi, hefur umsjón með upplýsingamiðstöðinni. Þar eru auk almennra upplýsinga veitt leyfi til ferða til Eyja, en reglur um það

eru birtar annars staðar hér í blaðinu.

— Það eru fjárhagsmálin, sem erfðust eru viðfangs, segir Gíslí. En í dag var opnað í Útvegsbankanum útibú í Eyjum, ef svo má segja og á morgun verður opnað í Seðlabankanum annað frá Sparisjóði Vestmannaeyja, en þetta eru einu peningastofnarnir í Eyjum. Þá hefur Seðlabankinn og gefið leyfi til að bærinn fái bráðabirgðareikning þar, og mun það allt fara í gegn um Útvegsbankann, en við hann hefur bærinn alltaf skipt.

Ýmsir hafa boðið hér fram margháttaða aðstoð, og hér er verið að tengja þrjá nýja síma, sem aldrei þagna, svo að við erum búnir að biðja um tvö leyfni-númer í viðbót. Þá er hingað komin ritvel frá Olivetti og fleira.

Nú er einkum unnið að því að koma fiskibátunum í gagnið og munu flestir þeirra fara í kvöld til Eyja til að sækja veiðarfæri og síðan þarf „oma þeim á veiðar og skapa þeim löndunaraðstöðu. Að þessu er unnið á vegum útvegsbændafélagsins, sem hefur fengið inn hjá L.Í.U.


Stöðugt hringir siminn og Frh. á bls. 15




Útibússtjóri Útvegsbankans í Eyjum kominn í Aðalbankann með helztu plögg. Þar var í gær opnað útibú frá útibúinu. Tímamynd GE



Margir breyttu um heimilisfang í gær, og þeir voru allir skráðir upp á nýtt. Einnigvoru nokkrir óskráðir, sem lent höfðu utan við kerfið í gær. Tímamyndir Róbert



I matsalnum í Hafnarbúðum, þar sem sett verður upp veitingaaðstaða fyrir flóttafólkið frá Eyjum.



Georg Tryggvason, lögræðingur bæjarins, ræðir hér við nokkra Eyjamenn út af leyfisveitingum um ferðir til Eyja.




Margir vildu fá upplýsingar um verustaði vina og skyldmenna, og reynt var að veita þær eftir beztu getu. I dag á að vera til skrá í stafrófsröð yfir allt flóttafólkið, unnin hjá Skýrsluvélum.



Umsjón: Alfréð Þorsteinsson

**ÍÞRÓTTALÍF**



Hinir fræknu knattspyrnumenn Vestmannaeyja. Myndin er tekin í Heimaey á s.l. ári. Nú er öðru vísi um að litast á þessum slóðum.

# Æfa knattspyrnumenn Vestmannaeyja á Melavöllinum

Forustumenn íþróttamála í Reykjavík bjóða Vestmannaeyingum aðstoð

Alf—Reykjavík.

— Vegna hinna miklu erfiðleika, sem Vestmannaeyingar eiga nú við að eflja, þarf að hugsa fyrir margs konar aðstöðu þeim til handa í höfuðborginni utan hússkjóts.

Eitt hinna fjölmörgu atriða, er íþróttaaðstaða. Fyrir utan vaska

sjómenn, eru Vestmannaeyingar e.t.v. þekktastir fyrir hina knáu og snjöllu knattspyrnumenn sína, sem gert hafa garðinn frægan. Á s.l. ári unnu Vestmannaeyingar marga góða sigra og urðu m.a. bikarmeistarar í öllum flokkum, sem keppt var í, auk þess sem frammistaða þeirra í Evrópubikarkeppninni var mjög góð.

Nú hafa forustumenn íþróttamála í Reykjavík komið að máli við forustumenn íþróttamála í

Vestmannaeyjum og boðið fram aðstoð. Hefur Íþróttaráð Reykjavíkur og Íþróttabandalag Reykjavíkur boðizt til að ljá Vestmannaeyingum Melavöllinn til afnota, ef þeir óska eftir því, og sömuleiðis er verið að athuga með aðra aðstöðu þeim til handa.

Var haldinn fundur með forustumönnum íþróttamála í Vestmannaeyjum í gær og mættu til þessa fundar af hálfu Reykjavíkur þeir Gísli Halldórsson,

formaður íþróttaráðs, Úlfar Þórðarson, form. IBR, Stefán Kristjánsson, íþróttafulltrúi og Sigurgeir Guðmannsson, framkvæmdastjóri IBR.

Engin ákvörðun var tekin á þessum fundi, en forustumenn Vestmannaeyinga sögbust mundu kalla íþróttafólk sinn fljótlega saman til skrafs og ráðgerða. Að því búnu yrði tekin ákvörðun um, hvað gera skyldi.

# ENOKSEN ENN Á FERÐINNI

— stjórnar námskeiði í Austurbæjarskólanum um helgina, sem 24 knattspyrnuþjálfarar taka þátt í. Námskeiðið er viðurkennt 1. stigs námskeiði í Danmörku og stendur yfir í 3 daga

Nú um helgina efnir Tækninefnd KSI og Knattspyrnuþjálfaraáfélagið til knattspyrnuþjálfaranámskeiðs eða knattspyrnu-skóla fyrir knattspyrnuþjálfara, sem þjálfra yngri flokka. Það verður mjög strangur skóli, sem stendur yfir frá föstudegi til sunnudagskvölds í Austurbæjarskólaskólanum í Reykjavík. Daninn, Henning Enoksen, mun stjórna námskeiðinu, sem er viðurkennt af DBU og samsvarar 1. stigi knattspyrnuþjálfara í Danmörku.

24 þjálfarar frá öllum landshlutum taka þátt í námskeiðinu, og fá þeir mjög góða kennslu, einnig fá þeir afhentar knattspyrnumóppur, sem hafa að geyma ýmsan fróbleik um knattspyrnuþjálfun. Þjálfararnir verða látnir fara yfir æfingarnar, sem þeir verða látnir læra. Verður kennt í kennslustofu í Austurbæjarskólanum, þá munu þjálfararnir efa í íþróttasal skólans og úti í skólalportinu.

Einnig verður farið yfir hinar ýmsu æfingar á kvikmyndatjaldi, og mun Enoksen þá útskýra æfingarnar nánar. Námskeið þetta verður mjög strangt og gott undirbúningsnámskeið fyrir knattspyrnuþjálfara, sem hafa hug á að fara til útlanda, til að

mennta sig meira í knattspyrnuþjálfun.

Námskeiðið byrjar á föstudagskvöldið kl. 20.30, þá hefst það

aftur á laugardaginn og stendur yfir frá kl. 10 f.h. til kl. 18.00 e.h. og einnig á sunnudaginn á sama tíma. Verða hinir 24 þjálfarar á

fullri ferð alla dagana undir stjórn Enoksen. Við munum segja nánar frá námskeiðinu hér á síðinni eftir helgi.

# Heimsmeistarinn sex sinnum í gólfið...

— Foremann, fyrrum Olympíumeistari varð heimsmeistari í þungavigt, er hann sigraði Joe Frazier á „teknisku rothöggi“

George Foreman, fyrrum Olympíumeistari, skaut upp kollinum nú í vikunni, þegar hann sigraði heimsmeistarann í þungavigt, Joe Frazier, þegar þeir mættust í Kingston, höfuðborg Jamaicaeyjanna í Karíbahafi. Keppt var á stærsta leikvangi borg-

arinnar, knattspyrnuvelli, sem rúmar um 43 þús. áhorfendur.

Þegar á fyrstu sekúndum leiksins, var útséð, að Frazier átti við ofurefli að stríða. — Foremann kom snöggur hægri handar höggi á heimsmeistarann, sem var sleginn þrisvar í fyrstu lotu í gólfið. Í annarri lotu komu yfirburðir Foreman, sem er 24 ára sigurvegari í þungavigt á Olympíu-

leikunum í Mexíkó, í ljós. Hann sló heimsmeistarann þrisvegis í gólfið — þá var keppnin stöðvuð og Foreman dæmdur sigur og nyr heimsmeistari á „teknisku rothöggi.“

Foremann gerðist atvinnumaður í hnefaleikum, stuttu eftir Olympíuleikana í Mexíkó, hann hefur keppt 29 leiki sem atvinnumaður og unnið þá alla, 25 þeirra á rothöggi.

## Víkingur á toppinn

Víkingur tók forystuna í 1. deild í handknattleik í gærkvöldi, þegar liðið vann KR 27:21. Valur vann fyrri leik kvöldsins gegn Haukum, 23:11. Nánar verður skýrt frá leikunum á morgun.

## Jafntefli á Wembley

England og Wales gerðu jafntefli á Wembley í gær, 1:1. Mark Englands skoraði Hunter (Leeds), og mark Wales skoraði Toshack (Liverpool). Leikurinn var liður í undankeppni HM-keppinnar.

## Tvö skíða-mót um helgina

— Müllers-mótið verður haldið á laugardag og göngumót Skíðafélags Reykjavíkur háð á sunnudaginn

Að forfallalausum verður Müllers-mótið, sem frestað var um daginn, haldið á laugardaginn 27.1.1973 kl. 2, við Skíðaskálann í Hveradölum. Nafnakall kl. 1 á sama stað. Það skal tekið fram, að allir keppendur í Müllers-mótinu verða að vera 17 ára og eldri. Æfingagöngumót Skíðafélags Reykjavíkur (karla og kvenna) verður haldið á sunnudaginn (28.1.1973). Nafnakall kl. 1 við Skíðaskálann, mótið byrjar kl. 2. Keppt verður í eftirtöldum flokkum: 8-14 ára 1 km, 15-19 ára 3 km, 20-40 ára 3 km, 41 og eldri 2 km, keppendur eru beðnir að mæta vel og stundvíslega. Í þessu móti þarf tilkynning að vera komin til gjaldkera Skíðafélagsins, Ellen Sighvatsson, á föstudaginn 26.1.1973 fyrir kl. 12 á hádegi í síma 19931 eða 13171, Lækjargata 2, 3. hæð.

Mótsstjóri á Müllers-mótinu er formaður Skíðafélags Reykjavíkur, Leifur Müller.

Mótsstjóri á göngumótinu er hin þekkti siglirzki skíðakappi, Jónas Asgeirsson.

Fyrir göngumótið er keppendum bent á að nota einöngungu létt skíði. Allar upplýsingar um þessi mót verða gefnar í Skíðaskálanum í Hveradölum fyrir hádegi báða keppnisdaga.

Tilkynning frá stjórn Skíðafélags Reykjavíkur

## Árspaning K.R.R.

Í kvöld kl. 20.00 heldur Knattspyrnuráð Reykjavíkur árspaning sitt að Hótel Loftleibum. Eins og undanfarin ár mun margt bera á góma, þegar fulltrúar Reykjavíkurélaganna nýu koma saman. Við munum segja frettir frá þinginu í laugardagsblaðinu.



# „Þar sem nú er brunnið hraun“

I Landnámu standa þessi orð: „Herjólfur Bárðarson byggði fyrst Vestmannaeyjar og bjó í Herjólfssdal fyrir innan Ægisdyr, þar sem nú er hraun brunnið“. Í fljótu bragði virðist þessi setning benda til þess, að gos hafi orðið á Heimaei og hraunið runnið þar á þeim tíma, sem líðið hefur milli landnámsaldar og daga þeirra, sem lögðu hönd að því að semja Landnámu.

Mönnum kann einnig að virðast, að það geti rennt stöðum undir þetta, að byggð lagðist niður í Herjólfssdal, þar sem Landnáma segir, að fyrst hafi verið reistur bær og fornleifarrannsóknir munu hafa styrkt það, að bær hafi verið þar mjög snemma í sögu Íslandsbyggðar.

Þetta stangast þó á við skobanir jarðfræðinga og eldfjallafræðinga, sem yfirleitt álíta að á Heimaei hafi ekki eldgos komið í fjögur til fimm þúsund ár, þótt Þorvaldur Thoroddsen teldi, að gosið hefði í Vestmannaeyjum eftir að byggð hófst þar, ef til vill frekar vegna orða tilvitnads handrits Landnámu heldur en jarðfræðilegrar athugunar. Telur hann, að vel megi vera, að Helgafell hafi gosið snemma á landnámsöld. Virðist Þorvaldur hafa gert sér í hugarland, að Helgafell kunni að hafa gosið í kringum miðja tíundu öld.

Jónas Hallgrímsson hallabíst einnig að þessu, og rökstuddi hann þá skoðun með því, að jarðvegur er mikill ofan á gömlum hraunstraumum, nema hinum yngsta, sem runnið hafi langan veg til norðvesturs og gert mikinn landusla.

Eins og áður er sagt, er skoðun jarðfræðinga nú á annan veg. Þeir telja, að ekki hafi eldur komið upp né hraun runnið á Heimaei í nokkur þúsund ár, þar til nú. Um þetta segir Trausti Einarsson í árbók Ferðafélags Íslands um Vestmannaeyjar, er hann hefur gert grein fyrir fjölda slæmlegra hraunlaga í Ofan-leitishamri á vesturströndinni:

„Aðeins í neðsta millilaginu við Skarfatanga hef ég fundið vott af sandi og leir, en annars eru engin merki vebunar að finna í millilögnum, hvað þá jarðvegsmyndun. Þetta sýnir, að jafnan hefur mjög stuttur tími líðið á milli gosa, ef hraunlögín eru ekki öll mynduð í sama gosinu. Vebunarmerki sjást oft í hrauni eftir örfáa áratugi. Það er fyrst ofan á öllum hraunum, sem þykir jarðvegur hvílir. Sama kemur í ljós, þar sem gryfjur hafa verið grafnar inni í kaupstaðnum og innan við Brimhóla. Hvergi er moldarlag að sjá undir efsta hrunalaginu. Þessi niðurstaða samræmist illa þeirra skoðun (Þorvalds og Jónasar), að gosið hafi eftir landnámsöld, er eyjan var að sjálfsögðu öll þakin jarðvegslagi, enda mun Helgafell hafa hætt að gjósa mörgum þúsundum ára fyrir landnámsöld“.

Trausti skýrir í framhaldi af þessu orð Landnámu á nýjan veg. Hina miklu þykkt jarðvegs á Heimaei telur hann stafa af áfoki, og hafi land blásið upp annars staðar. Orðin: „Þar sem nú er brunnið hraun“, beri að skilja á þannig, að jarðvegurinn sé horfinn þaðan og eftir bert

hraun, sem einmitt hefði hæglega getað gerzt vegna þeirrar rökunar, sem busea olli. „Landnáma gefur þá helzt í skyn“, segir Trausti, „að fyrsta byggð Eyjanna hafi lagzt niður vegna uppblásturs, enda segir hún berum orðum um Bölstað sonar landnámsmannsins, að þar sé nú allt blásið.“

Við rannsókn, sem dr. Sigurður Þórarinnsson professor gerði í Vestmannaeyjum árið 1948, fann hann víða austan, norðan og vestan Helgafells gróft lag gosefna og þeim mun þykkara, sem nær dregur fjallinu, og hann telur ekki efa teika á, að myndast hafi við gos í Helgafelli. Undir þessu gjallsandlagi fann hann fjögurra sentimetra þykkt leirkennt moldarlag og þar undir hraun, sem hefur því verið gróð, þegar gjalllagið myndabist. Þetta hraun taldi hann myndast löngu fyrir landnámsöld. Eftir frekari greinargerð um athuganir sínar segir dr. Sigurður:

„Eg er algerlega sammála Trausta Einarssyni um, að þarna hafi ekki runnið hraun síðan þúsundum ára fyrir landnámsöld. Væri orsök in til hins þunna jarðvegslags sú, að það hraun (suður af Herjólfssdal) sé ungt, ætti jarðvegurinn að vera þykkari utan við hraunið, til dæmis í Herjólfssdal, en það er hann ekki.“

J.H.

## Staða yfirlæknis

(sérfræðings) í hálfu starfi við heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar er laus til umsóknar.

Laun samkvæmt samningi milli Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um laun lausráðinna lækna.

Umsóknir sendist skrifstofu Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir 23. febrúar n.k.



Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

## Atvinna

Viljum ráða mann til afgreiðslustarfa í verzlun í Borgarnesi strax.

Getur verið um framtíðarstarf að ræða. Upplýsingar gefur Jón Einarsson fulltrúi, sími 7200.



Kf. Borgfirðinga Borgarnesi

## Þriðjungur loðunnar fór á land í Eyjum '72

ÞÓ—Reykjavík

Hlutur Vestmannaeyinga í fiskveiðum Íslandinga hefur alltaf verið mjög mikill, og til marks um það, má nefna, að á síðustu lönuvertíð veiddust alls 278 þúsund lestri, þar af var landað 89 þúsund lestum í Vestmannaeyjum, sem er um það bil þriðjungur lönuafllans í fyrra. Á vetrarvertíð 1972 veiddust 22 þúsund tonn af bolfski í Vestmannaeyjum, en þá aflabist alls á landinu öllu 205 þúsund lestri.

Þórarinn Arnason, skrifstofustjóri Fiskifélags Íslands sagði í samtali við blaðið, að heildarbolfskafi landsmanna hefði væri áætlaður 461 þúsund tonn árið 1972, þar af væri hlutur Vest-

mannaeyinga meira en 40 þúsund tonn. Þeir útgerðarstarfir, sem næst komast Vestmannaeyjum hvað aflamagn snertir, eru Reykjavík, Grindavík og Keflavík, en þessir staðir tóku á móti 20 — 25 þúsund lestum af fiski á síbasta ári. A þessu sést að heildarafli Vestmannaeyinga er um það bil þriðjungur hærri en þessara staða hvers um sig.

Þá ætluðum við að reyna að fá tölur um hlutdeild Vestmannaeyinga í útflutningstekjum þjóðarinnar, en því miður gat Hagstofan ekki veitt okkur þær upplýsingar, en eitt vorum við villvissabir um, að skerfur hvers einstaks Vestmannaeyings til þjóðarframléiðslunnar væri einhver sá mesti á landinu.

## Hjálparboðin fram úr öllum áttum

Mestöll starfsemi, sem fram hefur farið í Vestmannaeyjum, er nú að flýttast til Reykjavíkur. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur opnað skrifstofu í Hafnarbóðum í Reykjavík, þar sem eyjaskeggjar geta fengið þá vitneskju og fyrirgreiðslu, er unnt verður að láta í té vegna dvalarinnar í Reykjavík. Í dag opna svo Sparisjóður Vestmannaeyja og útibú Utvegsbankans í Eyjum afgreiðslu í Reykjavík.

Fjölmargir hafa búið fram líðsinni sitt. Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur hafa beint þeim tilmælum til félagsmanna sinna allra, að þeir veiti fólki, sem flúið hefur undan jarðeldunum í Eyjum, ókeypis læknishjálp, ef það þarf á að halda. Ýmis fyrirtæki, svo sem Mjólkursamsalan og Ölgerðin Egill Skallagrímsson, hafa sent framléiðsluvörur að gjöf í skólana, þar sem fólkið hefst fyrst við eftir komuna til Reykjavíkur.

Vélsmiðjan Heðinn bauð 1000 manns í mat í gær og Mjólkursamsalan 100 manns, þá hafa dönsku Kirkjusamtökin búið aðstoð og dönsku ríkisspítalarnir hafi búið að senda hjálparveitir.

A bæjarráðsfundi í Kópavogi í

gær var samþykkt eftirfarandi tillaga: Vegna hinna válegu atburða, sem átt hafa sér stað í Vestmannaeyjum, vottar bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar Bæjarstjórn Vestmannaeyja og öðrum íbúum Eyja samuð sína, og býður fram alla þá aðstoð, sem Kópavogskaupstaður og stofnanir hans geta í té látið.

A fundi sínum í dag ákvað stjórn Skagfirðingafélagsins í Reykjavík, að allur agóði af Þorrrablóti félagsins, sem haldið verður í Festi, Grindavík n.k. laugardag, skuli renna óskiptur til væntanlegrar landsofnunar til aðstoðar Vestmannaeyingum.

Jafnframt vill Skagfirðingafélagið koma þeirri hugmynd á framfæri, að sem flestir samkomustaðir og aðrir aðilar um land allt, sem fyrir mannfagnaði standa laugardaginn 27. þ.m. ljái þessari hugmynd líð og leggi sitt af mörku. Getur þetta þannig orðið ein leið af mörgum til að sýna einingu þjóðarinnar í verki til aðstoðar þessu nú heimilislausu fólki.

Í fyrri nótt kom skeyti frá Bandaríkisstjórn þess efnis, að sendiráðinu hér væri heimilt að bjóða bráðabirgðafjárhagsaðstoð.

# Sparnaður metinn að verðleikum

Sparilán er nýr þáttur í þjónustu Landsbankans. Þessi nýja þjónusta gerir bankaviðskipti þeirra, sem temja sér reglubundinn sparnað, hagkvæmari en nokkru sinni fyrr. Nú geta viðskiptamenn Landsbankans safnað sparifé eftir ákveðnum reglum. Jafnframt öðlast þeir rétt til lántöku á einfaldan og fjótleigan hátt, þegar á þarf að halda.

Landsbankinn biður aðeins um undirskrift yðar, og maka yðar, ef þér sjáið fyrir fjölskyldu. Þér ákveðið hve mikið þér viljið spara mánaðarlega, og eftir umsaminna tíma getið þér tekið út innstæðuna, ásamt vöxtum, og fengið Sparilán til viðbótar. Trygging bankans er einungis undirskrift yðar, og vitneskjan um reglusemi yðar í bankaviðskiptum.

Reglubundinn sparnaður er upphaf velmeunar. Búið í haginn fyrir væntanleg útgjöld. Verið viðbúinn óvæntum útgjöldum. Temjið yður jafnframt reglubundna sparifjársofnun.

Kynnið yður þjónustu Landsbankans. Biðið bankann um bæklinginn um Sparilán.

**LANDSBANKI ÍSLANDS**



Banki allra landsmanna



SNDR



# Ross Altair á leið til hjálpar með vörpuna úti!!!

**ÞÓ—Reykjavík.**  
Eins og kunnugt er af fréttum, þá skar varðskipið Týr á annan togvir brezka togarans Ross Altair frá Hull á Glettinganesgrunni í fyrradag. — Þessi atburður hefur valdið miklu fjárafoki í Bretlandi, en þar er sagt að togarinn hafi verið á leið til Vestmannaeyja til hjálpar vegna eldgossins.  
Tilkynning landhelgisgæzl-

unnar um þennan atburð er sva-hljóðandi „Klukkan rúmlega 15, á þriðjudag, skar varðskipið Týr á annan togvir brezka togarans Ross Altair H-279, þar sem hann var á veiðum 10.8 sjómilur innan 50 sjómílna markanna á Glettinganesgrunni. Annar brezkur togari, Ross Northern Sky GY-25, reyndi að koma til hjálpar, meðal annars með því að reyna að koma netadræsu í skrátt varðskipsins, en það mistókst. Ross Altair var einnig með kaðal til varnar, sem hann dró á eftir sér“.

Þannig gerðist þetta. En í Bretlandi er sagt, að togarinn hafi verið á leið til Bretlands, þegar þessi atburður gerðist, og hefur verið kvartað undan þessu við íslensku utanríkisþjónustuna. Einnig hittum við á fórnur vegi brezkan blaðamann. Sem hér er staddur vegna eldgossins í Eyjum. Hann sagði, að þessi atburður hefði valdið mikilli reiði í Bretlandi, enda væri það að vonum. — Við bentum honum hins vegar á, og báðum að koma til skila, að það væri ekki síður íslenskra sjómanna, þegar þeir væru á leið til hjálpar að vera með veiðafarin úti, einnig hefði togsteina togarans ekki verið stefnan til Vestmannaeyja, eyjarnar væru fyrir sunnan land en ekki norðan. Svo væri annað í þessu máli, væri ekki nokkurn veginn sama að deya í eldgosi eða úr þorskeysi?

## VILJA EYJAMENN Í VINNU

**ÞÓ—Reykjavík.**  
Landsamband iðnaðarmanna óskaði eftir því í gær að veita iðnaðarmönnum frá Vestmannaeyjum alla þá fyrirgreiðslu, sem tók eru á, og það Landsamb. iðnaðarmenn úr Eyjum að hafa samband við skrifstofu Landsambandsins í Iðnaðarhúsinu, Lækjargötu 12, 4. hæð, og láti skrá þar nöfn sín og atseturstað. Símar þar eru 12380, 15095 og 15363.  
Ekki ber á öðru, en margir vilji Vestmannaeyinga í vinnu, því margar auglýsingar voru í útvarpinu í gær, og var þar auglýst eftir Vestmannaeyjum í vinnu. Meðal annars óskaði fyrirtæki eitt eftir bifvélavirkjum frá Vestmannaeyjum í vinnu.

## Síðustu gígar

Framhald af 1. síðu.

rekundur flyttu brott búnað úr frystihúsum, en bæjarstjórnin hefur ákveðið að standa gegn því. Aftur á móti vill hún ekki, að fólk flytjist heim að svo stöddu, þar sem hættu getur verið á því, að nýjar spurnur myndist, jafnvel í bænnum sjálfum. Jarðfræðingar telja, að ekki sé óhugsandi, að það gerist. Bæjarfulltrúar munu fyrst um sinn skipta svo með sér verkum, að fimm verða í Reykjavík, en fjórir í Eyjum.  
Lokið er við að tæma frystihúsin, og átti mest af þeim fiski, sem þar var, að fara á Rússlandsmarkað, og tvö skip fóru í gær hlaðin bílum, Laxfoss með 32 bíla og Hekla með 72. Var Laxfoss að koma frá útlöndum, en fór hans stöðvub. Tollafgreiðsla fer ekki fram í Vestmannaeyjum eins og nú er komið, og verður hann því tollafgreiddur í Reykjavík.  
Rætt hefur verið um, hvernig verjast megi því, að hraun velti yfir inn í austurbæinn, og hefur einkum verið drepið á þrjár aðferðir: Að dæla vatni á hraunið til þess að kæla það, svo að veggur myndist að vestan, róta að því jarðvegi með ýtum og rjúfa skarð í austurbarm gígsins með sprengjum, svo að það nái að renna austur af.  
Um miðjan dag í gær kom almannavarnaráð með flugvélum og þyrpum til Eyja og sat nokkuð langan fund með bæjarstjórninni. Réðu menn þar ráðum sínum um það, hversu haga bæri ákvörðunum í samræmi við það, sem áður er haft eftir bæjarstjórnina. Verður reynt að flytja bíla brott frá Eyjum og fólk geti fengið það, sem því er brýnast að ná í, en húsbúnað og annað slíkt á ekki að flytja brott að svo stöddu. Í gærkvöldi kom Hekla til Eyja

# 19 BÍLAR Í 5 ÁREKSTRUM Á 75 METRA KAFLA Í GÆR

**Klþ—Reykjavík.**  
Um klukkan átta í gærmorgun urðu fimm árekstrar svo til á sömu mínútinu og á sömu götunni í Reykjavík. Í þessum árekstrum lentu hvorki meira né minna en 19 bílar, þar af fóru einn þeirra á staur.  
Þessi ósköp gerðust á mótis við bensínstöðvar Shell við Miklubraut, og var mikil hálka á

götunni og skyggni slæmt, því snjókomu var. Fremsti bíllinn mun hafa hægt á sér til að forðast árekstur við annan. Varð það til þess, að annar skall aftan á hann og síðan kom sá þriðji. Þetta sá ökuáðurinn á fjórða bílnum, og náði hann að stöðva sinn bíl, áður en hann bættist í hópin, en þá kom einn á hann og síðan tveir í viðbót.

Þennan fjögurra bíla árekstur sá svo ökuáður, sem fór sér heldur hægt niður brekkuna og náði hann að stöðva sinn bíl. Var það heldur skammgóður vermir, því hann fékk á sig fjóra bíla. Þar á eftir kom svo tveggja bíla árekstur og á eftir honum einn fjögurra bíla til viðbótar. Sá sem

rak svo lestina í þessu árekstraflóði, lenti ekki á öðrum bíl, heldur á staur, en hann mun hafa verið að forða sér undan öllum látnum.

Til glöggvunar fyrir þá, sem ekki hafa náð þessu öllu, skal bent á, að í fyrsta hópnur voru 3 bílar, síðan komu 4, þá 5, síðan 2, þá aftur 4 og loks sá, sem lenti á staurnum. Þetta gerir samtals 19 bíla.

Skemmdir á bílnum voru mismunandi miklar, sumir sluppu með smá dæld og skramu, en aðrir fengu á sig stór gót og misstu af sér bretti og stuðna. Slys urðu ekki á fólk, enda munu allir bílarnir hafa verið á hægri ferð.

## VEITA AÐSTOÐ

**ÞÓ—Reykjavík.**  
Ríkisstjórnin hefur settið á mörgum fundum og rætt ástandið, sem hefur skapað til landinu vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Á fundi ríkisstjórnarinnar, sem haldinn var eftir hádegis í gær var samþykkt, að beina því til almenningis að snúa sér beint til Rauba kross Islands og Hjálparstofnunar Þjóðkirkjunnar með allar væntanlegar gjafir og fjárhagsaðstoð til Vestmannaeyinga vegna tjóns þeirra af völdum náttúruhamfaranna í Eyjum.

## Peningaleysið

Framhald af bls. 9.

troðningurinn eykst. Menn þurfa að fara ýmissa erinda. T.d. hittum við einn gamlan mann, sem þurfti endilega að fá gleraugun sín, því að án þeirra gat hann ekkert gert, ekki einu sinni horft á sjónvarp. Annar fór upp úr rúminu í svo miklu hasti, að hann gleymdi tónnum á náttborðinu og hefur því vart getað notið matar sem skyldi. Svo eru ýmsir, sem á meðulum þurfa að halda og fóru án þeirra. Úr þeirra málum mun verða reynt að bæta í Domus Medica, þar sem Eyjalæknar hafa fengið inni, ásamt tannlækni þeirra.  
Að svo komnu kveðjum við þetta fólk, sem hrakni var upp úr volgum rúmunum um hánótt til að velkjast á sjó á flóta frá heimilum sínum, ómeðvitandi, hvort það ætti nokkurn tíma eftir að sjá þau aftur. Stilling þess er aðdáunarverð. Það væru ekki allir, sem tækju svo mikilli röskun á lífi sínu með svo miklu jafnvægi í lund.

## Hestamenn — Hestaeigendur

Tamningastöð er tekin til starfa í Vogatungu, Leirársveit.

Upplýsingar gefur Hreinn Elfsson, sími 1838, Akranesi.

## Tilboð óskast

í stangaveiði í Ölfusá fyrir landi Hellis og Fossness í Selfosshreppi, veiðitímamann júní-september, 1973.

Tilboð sendist til skrifstofu Selfosshrepps, Eyravegi 8, Selfossi, fyrir 1. apríl, 1973. Eigendur áskilja sér rétt til að hafna eða taka hvaða tilboði sem er.

Veðiréttareigendur.

## Atvinna í smurstöð

Viljum ráða mann nú þegar til starfa í smurstöð.

Kf. Árnesinga Selfossi

méð margt manna, jafnvel ríflega tvö hundruð, og á þetta fólk að fá að fara í hús sín, færa það í gott horf, en farið var frá þeim í flautri, og taka lausamuni og fatnað. Tíu verða eftir í Eyjum, þar á meðal matsveinn, en lítið hefur verið þar um matseld, síðan gosið hófst og matarþurrð.  
Lögreglumenn úr Reykjavík eru í Eyjum, og í gær komu þangað hópar erlendra fréttamanna, sem fengu að ganga þar um í lögregluþyngd. Annars hefur verið hér lendingarban almennt séð, og flugvélar, sem til Eyja fara, njóta ekki lengur trygginga.  
Í gærkvöldi fóru jarðfræðingarnir Sigurður Þórarinnsson og Þorleifur Einarsson könnunarferð á Löbsinnum meðfram ströndinni niður að gosstöðvunum.  
Í dag, fimmtudag, verður tekin í skip sá saltfiskur, sem hér er, og hefur þá öllum sjárvaraförum verið komið brott.

## Heimaey stækkar óðum.

Í könnunarleiðangri sínum komust þeir Sigurður Þórarinnsson og Þorleifur Einarsson að því, að ströndin hafði gengið lengst fram um 800 metra og var það austur undan Helgafelli (ekki í átt til hafnarinnar).  
Mestan hita í hrauninu mældu þeir 1030 gráður, sem er að sjálf-sögðu ekki mesti hitinn í því. Rennslíð mældist 100 rúmmetrar/sek., sem er svipað og vatnsrennslíð í Soginu.  
Alls komu 260 manns með Heklu til Eyja. Er skipið hafði langst að bryggju, þusti fólk í land og í bíla sína, sem stöðu á bryggjunni eða í grennd við hana. Fólkíð var með plastpoka, sem það fyllti af alls kyns dæti heima hjá sér og tróð síðan í bíla sína. Meðal annars voru þarna konur, sem ekki hafa sést í Eyjum eftir að gosið braut út.



Í nýjstu Viku er sagt frá nýrri bók um John F. Kennedy, fyrrum Bandaríkjaforseta, sem tveir nánustu starfsmenn hans hafa skrifað. „Mér finnst ég ekki vera að fara í vinnu“ nefnist viðtal við Herdísi Egilsdóttur, kennara. Þá er grein um Hollywood, sem nú er í andarslitrunum og óðum að breytast í skuggahverfi, — kartöfluréttir í Eldhúsi Vikunnar og ótalmargt fleira.

## BLAÐ FJÖLSKYLDUNNAR



# Vikan

## Orðsending frá ríkisskattstjóra

Að gefnu tilefni er framtalsfrestur manna, sem heim heimili áttu í Vestmannaeyjakaupstað 1. des. sl. framlengdur til og með 28. febrúar nk.

Ríkisskattstjóri.



Dýrt spaug að gera slæma samninga:

# Hochtief dæmdar 150 milljónir kr.

**Klþ—Reykjavík**  
 I gær var kveðinn upp í Bæjarþingi Reykjavíkur dómur í máli er snerist um eina stærstu fjárupphæf, sem fyrir dómstóla hefur komið hér á landi. Var þetta dómur í máli Hochtief A.G. og Vél-tækni h/f gegn Vita- og hafnarmálastjóra, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, vegna fra m kvæ m d a við Straumsvíkurhöfn.

Mál þetta var höfðað fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur í því skyni að fá aðfararhæfan dóm hér á landi fyrir úrskurði, er kveðinn var upp af gerðardómi alþjóða verzlunarráðsins í París þann 8. júlí 1971. En aðilar málsins höfðu samið um það fyrirfram, að hlíta úrskurði þess gerðardóms um ágreiningsmál þetta. Úrskurður gerðardómsins var á þá leið, að Vita- og hafnarmálastjóri skyldi greiða Hochtief A.G. og Vél-tækni h/f eitthundrað fjórtíu og níu milljónir fjögurhundruð fimmtíu og fimmþúsund krónur. Þessi gerðardómur var hins

vegur, ekki aðfararhæfur hér á landi og höfðaði því Hochtief A.G. og Vél-tækni h/f framangengt mál fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur. Vita- og hafnarmálastjóri vefengdi gildi gerðardómsins, en Bæjarþingið staðfesti hann og var niðurstaða þess eftirfarandi:

**Stefndi, Vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda Hochtief A.G. og Vél-tækni h/f kr. 149.455.000 með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1971 til greiðsludags. Framanefn fjárhæð á að breytast í samræmi við þær breytingar,**

sem verða kunna á gengi ísl. krónu gagnvart vestur-þýzku marki á tímabilinu 8. júlí 1971 til greiðsludags.

Framanefnda fjárhæð ber að greiða innan 15 daga frá lögberingunni þessa dóms að teljari.

Málskostnaður fellur niður. Stefán Már Stefánsson borgardómari kvað upp dóminn, en meðdómendur voru Dr. Ragnar Ingimarsson og Dr. Gunnar Sigurbsson, verkfræðingur. Sigurgeir Sigurjónsson hrl flutti málið fyrir hönd Hochtief A.G. en Hjörtur Torfason hrl. fyrir hönd Vita- og hafnarmálastjóra.

## Enn róstudamt á Haíti

NTB—Haíti.  
 Hópur manna vopnaður byssum réðist í fyrri nótt inn í bústað bandaríska ambassadorsins á Haíti, Clintons Knox, og tóku hann í gíslingu. Byssumennirnir kröfust þess að yfirvöld á Haíti létu lausa allmarga pólitíska fanga sem lausnargjald fyrir ambassadorinn. Nixon gerði Knox að ambassador á Haíti 1969.

Knox var látinn laus eftir 18 tíma, eftir að ríkisstjórnin samþykkti að greiða 70.000 bandaríkjadóla í lausnargjald og sleppa 12 fóngum. Aðalræðismaður Bandaríkjanna á Haíti var einnig í gíslingu. Að samkomulagi varð að fljúga með þá tvo og fangana til Mexíkó.

# Erlendu blaðamennirnir aðgangsharðir

### Brutust m.a. inn í mannlaust hús í Vestmannaeyjum

**Klþ—Reykjavík.**  
 Náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum hafa vakið mikla athygli erlendis. Hafa blóðin, útvarps- og sjónvarpsstöðvar víða um heim sýnt myndir og sagt alltarlega frá gosinu og björgun fólksins. Einnig hafa sum blóð og sjónvarpsstöðvar sent hingað menn og var í gærmorgun vitad um 52 erlenda blaðamenn, sem

komnir voru hingað gagnert vegna þessa máls.

Sumir þeirra komust út í Eyjar í fyrradag með flugvélum, en aðrir komu það seint í gær, að þeir náðu ekki að komast út. Þeir, sem náðu að komast út í Eyjar, hugsuðu litíð um annað en að skrifa og filma, og gleymdu sumir þeirra að hugsa um húsaskjól og mat. Þegar líða tók á nóttina, fóru þeir að huga að þessari hlíð málsins

og báðu heimamenn, sem enn eru í Eyjum, ásjár.

Aðrir voru ekki jafn forsjalir, og er vitad um a.m.k. einn hóp, sem fór inn í mannlaust hús í Eyjum, fékk sér þar að borða úr ís-skápnum og lagði sig síðan til svefns. Lögreglan í Eyjum mun hafa komið að þessu, og sent þessa menn með fyrstu ferð í land.

Strax klukkan átta í gærmorgun beið hópur erlendra blaða-

manna hjá afgreiðslum litlu flugfélaganna á Reykjavíkurflugvelli eftir því að komast út í Eyjar. Þegar þeir höfðu beið þar í nokkra stund, komu þau skilaboð, að enginn fengi að fara til Eyja nema með sérstöku leyfi frá Almennavörnum.

Hófst þá mikill hamangangur hjá blaðamönnum við að útvega sér þetta leyfi. Eitthvað hefur það gengið stírblega, því um hádegið hafði enginn fengið leyfi, og var þá heldur farið að þykka í mönnum. Hótuðu sumir öllu illu, ef þeir fengu ekki að fara út í Eyjar, m.a. að taka upp harðan áróður gegn Íslandi í landhelgisdeilunni í sínum blóðum, eða sjá til þess, að það yrði gert.

Eftir hádegi fór eitthvað að greiðast úr þessari flækju, en þá hafði Sveini Sæmundssyni, blaðafulltrúa Flugfélags Ísland, verið falið að sjá um þessa menn. Hafði hann sér til aðstoðar þrjá fileflda lögregluþjóna úr Reykjavík, sem áttu að fara með höpunum til Eyja, fylgja honum eftir og sjá til þess, að allir kæmu til baka um kvöldið.

Um klukkan fimm í gærdag var loks allur hópurinn kominn til Vestmannaeyja. Þangað hafði þá verið flögð með hann með vél frá Flugfélagi Íslands. Sumir blaðamennirnir voru allt annað en ánægðir með það að fara í fylgd með öðrum blaðamönnum og undir eftirliti lögreglunnar, en þeir létu það þó gott heita, því öllu máli skipi að komast á staðinn.

## Morðingi Cabrals fundinn

NTB—Abidjan  
 Morðingi þjóðfrelsisleibtogans Amilcar Cabrals hefur verið handtekinn og hefur játað á sig ódæðið, að sögn forseta Gíneu, Sékou Tourés.

Touré sagði í útvarpi í Conakry í Gíneu, að morðinginn, Pócento Canida, 37 ára gamall, væri leibtogi andstæðinga þjóðfrelsis-hreyfingar Gíneu.

Cabral var myrtur fyrir utan heimili sitt í Conakry á laugardagskvöld. Canida og menn hans tóku einnig nokkra leibtoga þjóðfrelsis-hreyfingarinnar, Paigé, en þeir hafa nú sloppið úr höndum þeirra.

## ÍRAFÖSS TIL EYJA

Þó—Reykjavík.  
 Írafoss, skip Eimskipafélags Íslands fór til Vestmannaeyja um kl. 20 í gærkv. Í Eyjum á skipið að lesta 200-300 lestar af saltfiski, en það er um það bil helmingurinn af því saltfiskmagni, sem til er í Eyjum.

Þá er Hofsjökull í Vestmannaeyjum og lestar freðfisk, gert er ráð fyrir, að búið verði að skipa út freðfisknum í kvöld eða í nótt.

# Ábyrgð veitir fjárhagsaðstoð

### Þeir Eyjamenn, sem þar höfðu í gildi heimilstryggingu geta fengið styrk

**Erl—Reykjavík.**  
 Í gær ákvað Ábyrgð h.f., sem er tryggingafélag bindindismanna, að veita þeim Vestmannaeyingum, sem þar áttu í gildi heimilstryggingu, fjárhagsstyrk, sem ætti að geta orðið mikil bót, því að það er lausafjárskorturinn, sem einna verst fer með marga, sem dveljast nú í landi eftir hinn skyndilega brottflutning í fyrri-nótt.

Eins og komið hefur fram, þarf sérstaka tryggingu fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara, eins og eldgossins, sem nú geysar í Heimaey. Fáir eða engir af íbúum þar munu hafa haft slíka tryggingu, og því standa Eyja menn uppi varnarlausir gegn eyðileggingu eigna sinna, nema tryggingafélagin geti í skyndi ráðið bót þar á. Ábyrgð hefur nú ríðið á vaðið, þó að þessar fyrstu fjárhæðir, hrökkvi vart til langframa, eins og Sveinn H. Skúlason sagði okkur í gær. Þær eru miklu fremur hugsaðar sem

fyrsta aðstoð, en við álitum, að þörfin sé einmitt mest núna fyrstu dagana, sagði hann enn fremur.

—Ábyrgð er aðeins einn hlekkur í keðju Ansvar International, sagði Sveinn, og forráðamenn erlendis hringdu til okkar strax og fregnir tóku að berast af atburðum, og veittu okkur heimild til þessara greiðslna, sem eins og áður kom fram, eru aðeins hugsadar sem styrkur. Við vitum ekki enn, hve margar fjölskyldur koma til með að njóta hans, en það er verið að telja það saman, hve margir voru með tryggingu í gildi. Í upphafi mun þó hafa verið reiknað með 50-60 fjölskyldum, og er greiðslum þannig hgað, að einhleyp fólk fær 10.000 kr., barnlaus hjón 20.000, hjón með eitt barn 30.000 og hjón með tvö börn eða fleiri fá 40.000 krónur. Það er mikils um vert, að hægt sé að koma þessu sem fyrst til fólksins, og t.d. var ein kona að fara frá

mér með 40.000 krónur rétt núna, sagði Sveinn, er við ræddum við hann síðdegis í gær.

# JOHNSON SÝND HINZTA VIRÐING

NTB—Austin, Texas.  
 Lík Johnsons, fyrrum Bandaríkjaforseta, var flutt til Washington í gær með flugvélinni, þar sem eittaka hans sem 36. forseti Bandaríkjanna fór fram 22. nóvember 1963, stuttu

eftir að Kennedy forseti var myrtur í Dallas í Texas.  
 Kistu Johnsons verður ekið í bestvagni til Capitol, en þar hvílir hann á heibursbörum í 19 klukkustundir. 30.595 manns komu að líkborum hans í Austin, Texas.

# Dauflega horfir um frið þrátt fyrir vopnahléssamninga

NTB—Washington  
 Nixon Bandaríkjaforseti tilkynnti í ræðu, sem hann flutti í sjónvarpi í fyrri nótt, að samkomulag hefði náðst um vopnahlé í Vietnam. Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, Norður- og Suður-Vietnam og Þjóðfrelshreyfingarinnar undirrita vopnahléssamningana í París á laugardag, en þeir taka síðan gildi á miðnætti. Ymsir eru þó uggandi um friðarhorfur í Vietnam og Sudaustur-Asíu.

Atókin hafa harðnað í Suður-Vietnam, og styrjaldaraðilar virðast staðráðnir, að vinna sem mest land áður en vopnahléi gengur í gildi. Síðustu fimm mánuði hafa banda-

riskar sprengjuflugvélar aldrei gert eins miklar árásir í Vietnam og í þessari viku.

Loforð Nixon um áframhaldandi afskipti Bandaríkjanna af Suðurvietnam innan marka vopnahléssamninganna veldur sumum kvíða, og útvarpsræða forseta Suðurvietnams, Nguy En Van Thieu, þar sem hann lét í ljós vantrú á varanlegum friði í landinu, hefur vakið andúð víða um heim.

Í tilkynningu, sem Bandaríkin og Norðurvietnam gáfu út í sameiningu, var hinsvegar látin í ljós von um, að samningarnir gætu leitt til varanlegs friðar, og Nixon sagði í ræðu sinni, að Bandaríkin myndu gera sitt ítrasta til að svo mætti verða.

Mesti fögnuðurinn vegna væntanlegs vopnahlés er af staðinn, og margir telja, að það sem sé að gerast sé fyrst og fremst það, að Bandaríkin séu að draga sig út úr styrjöldinni.

Samkvæmt vopnahléssamningunum er Norðurvietnómum leyft að hafa 140.000 hermenn í Suðurvietnam. Hér var um tilslökun af hálfu Thieus að ræða, en Hanoi-stjórnin hefur líka slegið af sínum kröfum og samþykkt, að 1.600 manna líd Pólverja, Ungverja, Kandalamanna og Indónesíubúa hafi eftirlit með því, að vopnahlé sé haldið. Norðurvietnamar fengu því framgengt, að vopnahléslna verður meðfram 17. breiddargráu, en tekið er fram í samningunum, að þar sé hvorki um stjórnálag né landfræðileg landamæri að ræða. Beggja vegna hennar verður 16 kílómetra afvopnað svæði, og samið verður um með hverju móti umferð verður leyfð þar.

Herir Bandaríkjanna í Suðurvietnam samtals 23.700 skulu á burt úr landinu innan 60 daga, og samtíms verða allir bandarískir stríðsfangar í Vietnam látnir lausir.